

Merkileg og marglaga saga

Sagnfræðingurinn Kristín Svava Tómasdóttir sendi nýlega frá sér bókina Farsótt. Þar er rakin hundrað ára saga Farsóttahússins en húsið geymir sögur af reykvísku samfélagi, sjúkdómum og skemmtilegu fólki.

Ásdís Ásgeirsdóttir asdis@mbl.is

Regnið bylur á rúðum kaffihússins þar sem rithöfundurinn og sagnfræðingurinn Kristín Svava Tómasdóttir hefur komið sér fyrir úti í horni. Bládamaður er mættur niðurrignindur til að ræða nýjustu bók Kristínar, Farsótt. Hundrað ár í Þingholtsstræti 25, en í henni er rakin saga hins merka húss sem lengi hósti Farsóttahús Reykjavíkur.

Sagan og ljóð í bland

Áður hefur Kristín skrifað bók um sögu kláms á Íslandi og fjórar ljóðabækur. Auk þess er hún einn samhöfundur hins mikla verks Konur sem kjósa sem hlaut Fjöruvérlaunin sem fræðibók ársins árið 2020.

Kristín segist vinna jöfnum höndum að fræðibókum og ljóðum sínum og stundum segir hún þessi tvö form skarast.

„Í þessari bók var ég spennit fyrir því að vinna með textann og búa til margar litlar sögur. Í Farsótt er meira um persónulegar sögur en ég hef áður gert í sagnfræðiskrifum. Síðasta ljóðabók sem ég skrifaði, Hetjusögur, var svo unnin upp úr heimildum um ljósmæður og þannig getur sagan og hið ljóðræna skarast.“

Kristín fékk hugmynd að Farsótt þegar hún var í sagnfræðinámi og var að skrifa ritgerð um konu á millistríðsárunum sem hafði verið lögð þar inn.

„Ég vissi ekkert um húsið og fór að lesa mér til og taka eftir þessu húsi á horninu á Spítalastíg og Þingholtsstræti. Ég fór þá að skoða sögu hússins og fannst hún ótrúlega merkileg og marglaga. Nokkrum árum síðar var ég að leita mér að verkefni og þá datt mér í hug að sækja um styrk til að skrifa sögu þessa húss,“ segir Kristín og segist hafa fengið styrkinn og hafist handa.

„Það var miserfitt að finna heimildir, eftir tímabilum. Bókin er í fjórum hlutum. Fyrsti hlutinn er frá 1884 til aldamóta, þegar fyrsta sjúkrahús Reykjavíkinga var starfrækt í húsinu. Næsti kafli nær til ársins 1920 en þá var húsið íbúðarhús og notað undir lækna- og ljósmóðurkennslu. Svo var það farsóttahússtímabilið, frá 1920 til um 1970 og svo er síðasti kafli um gístiskýlistímabilið. Bókin nær til ársins 1984 en gístiskýli Reykjavíkur var rekið í húsinu til ársins 2014. Þá var húsið selt og er það nú í einkaeigu og stendur autt. Ég myndi gjarnan vilja sjá eitthvert líf í húsinu, hvað sem um það verður.“

Eins og leynilögga

Í Farsótt dregur Kristín upp ljóslifandi myndir af fólki sem dvaldi löngum stundum í húsinu, annaðhvort sem íbúar, sjúklingar eða starfsfólk.

„Mig langaði að fara meira í persónu-sögurnar því það er svo gaman að vinna með



„Það er örugglega reimt! Það eru alls konar draugasögur sem ganga um húsið, ekki sist um líkhúsið,“ segir Svava Kristín um Farsóttahúsið.

Morgunblaðið/Ásdís



Það er eyðilegt um að litast í gamla Farsóttahúsinu, en það stendur nú autt.

Ljósmynd/Guðrún Lára Pétursdóttir

Hér má sjá sjúkraskrár Jónasar Jónassens, sjúkrahúslæknis Sjúkrahúss Reykjavíkur. Þar má lesa um sullaveiki, meðal annars.

öðluðust alveg nýja og kunnuglegri merkingu þegar við vorum sjálf stödd í faraldri,“ segir hún og segist hafa í grúski sínu rekið á hjartnæmar sögur af börnum í einangrun.

„Þau voru ein inni á spítala og fengu ekki að sjá fjölskyldu sína og það eru sögur af fólki að vinka upp í glugga til sjúklinga í einangrun, eins og maður sá svo gjarnan í fréttum í Covid. Maður gat speglað nútíðina í fortíðinni, eða öfugt.“

Örugglega reimt!

Í Farsótt má einnig lesa um krufningar, en þær voru stundaðar í líkhúsi fyrir aftan Farsóttahúsið, húsi sem nú er búið að rífa. „Það voru margar áhuga-verðar og fjölbreyttar sögur af því,“ segir Kristín og segir eðli málsins samkvæmt marga hafa látið lífið í Farsóttahúsinu.

Er þá ekki reimt í húsinu?

verkum, eins og að skrifa í Konur sem kjósa,“ en svo vantaði

Eins og leynilögga

Í Farsótt dregur Kristín upp ljóslifandi myndir af fólki sem dvaldi löngum stundum í húsinu, annaðhvort sem fíbur, sjúklingar eða starfsfólk.

„Mig langaði að fara meira í persónu-sögurnar því það er svo gaman að vinna með þær og nota til að drífa áfram framvinduna. Ef maður vill skrifa fyrir víðan lesendahóp, þá held ég að allir hafi áhuga á fólki. Því lagði ég mikið í það að eltast við skemmtilegar persónur og segja þeirra sögu. En ég skálda ekkert, styðst bara við heimildir. Það er oft hægt að gera meira með heimildirnar en maður heldur og fara með þær í frumlegar og lifandi áttir. Ég reyndi að finna vísbendingar um hversdagslífið í húsinu og stemninguna. Ég nota kannski innkaupalista af sjúkrahúsinum, eða er vakandi fyrir lýsingum á til dæmis hvernig lykt var þar inni. Þetta nýti ég til að púsla öllu saman og búa til sögu,“ segir hún.

„Það sem er svo skemmtilegt við svona grúsk er að þetta er oft mikill leynilöguleikur.“

Berklar, mislingar og mænusótt

Mikil vinna liggur að baki bókinni, enda nær hún yfir heila öld.

„Ég var um fjögur ár með hléum að skrifa bókina, en inni á milli vann ég að öðrum



Ljósmynd/Guðrún Lára Pétursdóttir

verkum, eins og að skrifa í Konur sem kjósa,“ segir Kristín.

„Innan hvers hluta bókar dreg ég fram stærri og smærri persónur. Mér fannst til dæmis mjög gaman að kafa ofan í sögu Guðrúnar Jónsdóttur, spítalaráðskonu á Sjúkrahúsi Reykjavíkur. Hún var ótrúlega merkileg kona sem eignaðist fjögur óskilgetin börn, bjó í óvígðri sambúð með öðrum barnsföður sínum og hafnaði hjónabandinu,“ segir hún og nefnir einnig ungan mann sem var þar sjúklingur.

„Hann lést þarna úr sullaveiki um 1890. Ég fann mjög merkilega sjúkrasögu hans, ritaða með eigin hendi, sem er sjaldgæft að finna í þessum heimildum,“ segir hún og segir að til sé töluvert af skjölum frá Sjúkrahúsi Reykjavíkur á Þjóðskjalasafninu.

„Fyrst var Sjúkrahús Reykjavíkur starfrækt í húsinu, þá var það bara kallað „spítalinn“. Eftir að því var lokað var húsið kallað „gamli spítalinn“ en svo var stofnaður í húsinu farsóttasptali árið 1920 og fékk nafnið Farsóttahús Reykjavíkur. Þarna lá fólk með skarlatssótt, mislinga, taugaveiki og fleiri sjúkdóma

en svo vantaði sjúkrahúspláss og þá var byrjað að nota það fyrir berkla sjúklinga meðfram. Þarna lá líka fólk með akureyrarveikina og mænusótt. Spítalinn var svo gerður að geðsjúkrahúsi en nafnið Farsóttahúsið hélst til 1968 þegar sjúkrahúsinu var lokað,“ segir Kristín og segir húsið mest hafa hýst um þrjátíu til fjórutíu sjúklinga í einu.

Ný og kunnugleg merking

Kristín segist hafa komist að mörgu þegar hún hóf að vinna heimildavinnuna.

„Það var margt sem ég þekkti ekki fyrir og hafði kannski ekki hugsað út í. Ég byrjaði að vinna bókina fyrir Covid þannig að það var tilviljun að ég skyldi vinna hana í þeim faraldri. Það var áhugaverð reynsla því ég rakst á mörg hugtök í heimildum, eins og sóttkví og einangrun, sem maður vissi hvað þýddi en



Ljósmynd/Kristín Svava

húsi sem nú er búið að rífa.

„Það voru margar áhuga-verðar og fjölbreyttar sögur af því,“ segir Kristín og segir eðli málsins samkvæmt marga hafa látið lífið í Farsóttahúsinu.

Er þá ekki reimt í húsinu?

„Það er örugglega reimt! Það eru alls konar draugasögur sem ganga um húsið, ekki síst um líkhúsið,“ segir hún og segist koma inn á þessar sögur í bókinni.

„Þarna voru starfskonur sem trúðu á ýmislegt og voru spíritistar. Ég er með frásagnir sem tengjast þessari andatrú. En þeim þótti engin ástæða að óttast hina dauðu,“ segir hún.

„Ein eftirminnileg saga er frá Elfborgu Lárusdóttur rithöfundu, sem leigði um tíma í húsinu, en hún sér standa í dyragettinni hjá sér eitt kvöldið stóran og feitan mann í einkennisbúningi. Hún veit ekkert hver þetta er og svo er hann bara horfinn. Daginn eftir er komið með erlendan skipstjóra til krufningar, sem látist hafði í skipi sínu. Hann hafði þá „verið kominn á undan“,“ segir Kristín og brosir.

Við endum samtalið á þessari dulrænu sögu og höldum svo út í rigninguna.